

## Skýrsla stjórnar 2004-2005

### Félagsfundir:

Á aðalfundi í mars 2004 fengum við til okkar Halldóru Bjarnadóttur, hjúkrunarfraeðing sem kynnti fyrir okkur fyrir ýmsu varðandi heilsufar og kynlíf. Haldnir hafa verði tveir félagsfundir í samstarfi við Stómasamtök Íslands og á fyrri fundinu í janúar sl. var gestur fundarins Jónína S. Jónsdóttir lyfjafræðingur sem ræddi almennt um bólgsjúkdómana, helstu lyf sem tiltæk eru í baráttunni við þá, verkanir þeirra og aukaverkanir. Kristín og Lilja frá Lyf og Heilsu kynntu þjónustu þeirra við stómaþega/sjúklinga. Síðari fundurinn var í febrúar og voru þá gestir fundarins Kjartan Örvar, meltingarsérfræðingur og Tryggvi Stefánsson, skurðlæknir.

### Erlent samstarf:

Á síðasta aðalfund var talað um að efla ungliðahreyfingu innan félagsins og sem lið í því var ákveðið að senda two fulltrúa, þær Gyðu Björnsdóttur og Maríu Helenu Eiðsdóttur til Rómar á ráðstefnu ungmenna 30 ára og yngri.

Óvenju annasamt hefur verið í erlendu samstarfi þetta árið þar sem Ísland tók að sér gestgjafahlutverk fyrir Norðurlandafund sem haldinn var í tengslum við Evrópuþingið 2004 á Spáni í október. Svala Sigurgarðarsdóttir og Hrefna Jóhannsdóttur voru okkar fulltrúar á þinginu og Ferring/Vistor styrkti okkur til að halda Norðurlandafundinn og kunnum við þeim góðar þakkar fyrir.

Evrópuþingi 2005 var síðan haldið nú í byrjun maí og voru Svala og Hrefna okkar fulltrúar þar til að fylgja því starfi sem þar er hafið.

### Annað:

Nú í maí var Ferring/Vistor að gefa út handbók sem ætluð er sjúklingum með sáraristilbólgu og Crohn's sjúkdóm.

Með kveðju  
Gyða Björnsdóttir,  
Formaður